

Þú getur orðið

Samgöngustjóri



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar óskar eftir að ráða öflugan og metnaðarfullan einstakling í starf samgöngustjóra. Samgöngustjóri er yfirmaður samgöngudeildar og borgarhönnunar og tekur þátt í samstarfi á vettvangi SSH sem og í byggðarsamlögum er varða málaflokkinn. Hann er virkur þátttakandi og hluti af yfirstjórn sviðsins. Næsti yfirmaður hans er sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs.

Umsóknarfrestur

8. febrúar

Helstu verkefni

- Fagleg forysta á skrifstofu/deild samgangna og borgarhönnunar
- Ábyrgð á daglegum rekstri þ.m.t. starfsmannamálum og fjármálum í samvinnu við stoðdeildir
- Stefnumótun
- Ábyrgð á verkefnum á sviði samgöngumála, borgarhönnunar og Torg í biðstöðu
- Þátttaka í opinberum starfshópum og nefndum fyrir hönd borgarinnar
- Samskipti við hagsmunaaðila, hönnuði, verktaka og aðra samstarfsaðila

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/rvk2301

Hæfnis- og menntunarkröfur

- Háskólapróf á sviði samgönguverkfræði eða önnur sambærileg háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu,
- Reynsla af stærri stefnumótunarverkefnum.
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Leiðtogahæfileikar, frumkvæði í starfi og framsýni
- Frumkvæði, drifkraftur og stefnumótandi hugsun.
- Teymishugsun, lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til þess að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku.

Umhverfis- og skipulagssvið (USK) gegnir fjölbættu hlutverki, allt frá því að vinna með kjörnum fulltrúum að stefnumótun í umhverfis-, skipulags- og samgöngumálum til þess að samþykkja teikningar og tryggja eftirlit í heilbrigðismálum. Að auki stýrir sviðið framkvæmdum og viðhaldi og sinnir almennum rekstri í borgarlandinu eins og grasslætti og snjómokstri. Á sviðinu er unnið að fjölbreyttum verkefnum svo sem Torg í biðstöðu sem eiga að auðga mannlífið í borginni. Lögbundin verkefni byggingarfulltrúa, skipulagsfulltrúa og Heilbrigðis- eftirlits Reykjavíkur tilheyra sviðinu. Umhverfis- og skipulagssvið er með vottað umhverfis- stjórnunarkerfi skv. ISO 14001